

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni vísindasiðanefndar.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir vísindasiðanefnd?

Kveðið er á um lögbundin verkefni vísindasiðanefndar í 10. gr. laga nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Í ákvæðinu segir að hlutverk stofnunarinnar sé meðal annars að:

1. Meta vísindarannsóknir á heilbrigðissviði í þeim tilgangi að tryggja að þær samrýmist vísindalegum og siðfræðilegum sjónarmiðum.
2. Meta samstarfsverkefni, fjölþjóðlegar rannsóknir, klínískar lyfjarannsóknir og aðrar áætlanir um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem ekki falla undir verksvið siðanefnda heilbrigðisrannsókna skv. 11. gr. laga nr. 44/2014.
3. Taka þátt í almennri og fræðilegri umræðu á vettvangi lífsiðfræði, veita ráðgjöf og birta leiðbeinandi álit um viðfangsefni á verksviði nefndarinnar.

Einnig er það hlutverk vísindasiðanefndar að meta breytingar á eðli og umfangi vísindarannsókna og aðrar meiri háttar breytingar og gefa út viðbótarleyfi við þegar samþykktar rannsóknaráætlanir skv. 20. gr. laga nr. 44/2014. Þá hefur vísindasiðanefnd eftirlit með vísindarannsóknum á heilbrigðissviði og skal fylgjast með framkvæmd rannsókna sem hún hefur samþykkt skv. 29. gr. laga nr. 44/2014.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna vísindasiðanefndar og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Fjárlög gera ráð fyrir 66,5 millj. kr. til rekstrar vísindasiðanefndar á þessu ári. Fjárheimildin er ætluð til að sinna verkefnum nefndarinnar og er ekki sundurliðuð sérstaklega.